

Námsskrá elstu barna á Brákarborg

Lífsleikni

Við leggjum áherslu á að þegar börnin útskrifast frá Brákarborg séu þau sem best tilbúin að takast á við lífið utan leikskólans og eftir að leikskólanum lýkur.

Það gerum við með því að:

- Þjálfra þau í samskiptum jafnt við börn og fullorðna
- Þau þjálfist í samræðum og að hlusta á aðra
- Þau séu sjálfstæð í að skammta sér sjálf mat og geta tekið þátt í að ganga frá eftir matinn
- Þau þjálfist í að klæða sig og geta metið að einhverju leiti hvaða föt sé best að fara í hverju sinni
- Vinna með verkefni sem styrkja sjálfsmynd barnanna og að þau þori að koma fram fyrir framan hóp



Frjáls leikur

Við leggjum áherslu á frjálsa leikinn. Allir námsþættir koma inn í leik barnanna. Fyrir hádegi eru elstu börnin inni í frjálsum leik og geta notað flest svæði í húsinu (sjá nánari umfjöllun um svæði í námskrá Brákarborgar). Eftir hádegi fara öll börnin á deildinni út og eru þar í frjálsum leik. Við leggjum áherslu á leikinn vegna mikilvægi hans í að efla nám og samskipti barnanna.



Einingakubbaleikur

Leikur með einingakubbana hefur áhrif á alla þroskaþætti barna þar sem þau ganga í gegnum stigskipta þróun eftir því sem þau þroskast og reynsla þeirra eykst auk þess sem unnið er með námsþætti eins og stærðfræði, vísindi og samfélagið. Við munum áfram leggja áherslu á að börnin læri um samfélagið í víðu samhengi auk þess sem þau læra að það skiptir máli hvernig fólk kemur fram hvert við annað og hvaða reglur gilda í samskiptum. Leikurinn með einingakubbana er ávallt á forsendum barnanna og kennararnir styðja þau í þekkingarleitinni með opnum spurningum, umræðum og vettvangsferðum þar sem áhugi barnanna ræður ferðinni.



Hreyfing

Í hreyfingu innanhúss notumst við ýmist við þrautabraut, farið er í leiki, fyrirmælaæfingar eða einhver skipulögð leikfimi. Tónlist er mikið notuð í þessum stundum og börnin æfast í að dansa og hreyfa sig.

Eins og komið hefur fram er útivera einu sinni á dag, eftir hádegið. Þar geta börnin einnig hreyft sig óhindrað og fengið útrás fyrir ærsl og leiki sem taka mikið rými. Gönguferðir um næsta nágrenni skólans eru einnig vinsælar við förum í lengri og styttri vettvangsferðir.



Tónlist

Söngstundir eru á hverjum degi inni á deild þar sem við erum með árstíðarbundin lög og önnur í bland. Börnin hafa tækifæri til að prófa hljóðfæri í söngstundum, einnig er þeim boðið að standa upp og nota hljóðnema.

Sameiginleg söngstund er einu sinni í viku með öllum leikskólanum. Þar erum við með söng, dans, hreyfileiki og hljóðfæraleik.



Myndlist

Í myndlist kynnum við fyrir börnunum mismunandi efnivið til að vinna með og þau tjá sig frjálst í gegnum myndlistina. Myndlistin tengist einnig kubbunum og öllum öðrum námsgreinum leikskólans s.s. náttúru og samfélagi. Við nýtum mikið af verðlausum efnivið sem finna má í náttúrunni og víðar.



Málrækt

Með málrækt aukum við og eflum allan almennan málþroska. Eflum hlustun, einbeitingu, eftirtekt, frumkvæði, tjáningu og hugtakaskilning. Einnig kennum við þeim að fara eftir fyrirmælum, hlusta á og taka tillit til annarra þegar þeir eru að tala.



Menning, samfélag, náttúra og umhverfi

Börnin kynna því samfélagi sem við lifum í og þeirri menningu sem við höfum búið til, ásamt þeim hátíðum og hefðum sem henni fylgja. Einnig viljum við að börnin viti af öðrum og mismunandi menningarheimum og reynum að stuðla að fordómalausni viðhorfi til þeirra.



Þau taka þátt í daglegum athöfnum með því að leggja á borð, hjálpast að við að halda fataklefanum í reglu, skola mjólkurfurnur, eru aðstoðarkennarar á Dvergheimum og fl. Við notum tölvur og bókasafn til að afla okkur upplýsinga og förum í ferðir og vinnum úr þegar heim er komið. Fyrirhugað er að fara í heimsóknir á vinnustaði með hópinn.

Við viljum að börnin séu meðvituð um náttúruna og umhverfi sitt og læri að bera virðingu fyrir henni. Við vinnum að því að Brákarborg verði skóli á grænni grein.

Við förum í náttúruskoðanir og vekjum áhuga þeirra á náttúrunni. Við fylgjumst með þeim breytingum sem á henni verða t.d. við árstíðarskipti og vinnum jafnframt úr upplifunum þeirra með myndlist og sögugerð.